

**Nd.**

**569. Frumvarp til laga**

**[293. mál]**

um breytingu á lögum nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

1. gr.

3. másl. 2. mgr. 51. gr. orðist svo:

Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur, eða þriðjungur áfallinna verðbóta fyrir næstu þrjú ár sé stofnað til skuldar vegna íbúðarkaupa, eða 1/6 áfallinna verðbóta næstu sex ár sé stofnað til skuldar vegna nýbyggingar, og gjaldfallin gengistöp á afborganir og vexti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er samhljóða breytingartillögu sem flm. bar fram við 159. mál (þskj. 503), en sú breytingartillaga var kölluð aftur vegna tilmæla fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í tillögunni felst að áfallnar verðbætur á lán til íbúðakaupa eða -bygginga verði frádráttarbærar við skattlagningu eins og vextir, en ekki einungis greiddar verðbætur eins og nú er. Gert er ráð fyrir að þriðjungur áfallinna verðbóta megi telja fram á þennan hátt í þrjú ár, sé stofnað til skuldar vegna íbúðakaupa, og 1/6 áfallinna verðbóta í sex ár sé um nýbyggingu að ræða.

Frá árinu 1978, er skattalögin tóku gildi, hefur sú þróun orðið í þjóðfélaginu að í stað vaxtalána hafa þeir, sem eru að koma yfir sig húsnæði, í æ meira mæli einungis átt kost á verðbótalánum. Á síðustu árum hefur nær eingöngu verið um slík lán að ræða. Hugmyndin, sem lá að baki því ákvæði skattalaganna að vextir skyldu vera frádráttarbærir við skattlagningu sem ívilnun fyrir íbúðakaupendur eða -byggjendur, byggðist á því að menn fengju vaxtalán í bönkum landsins. Þegar svo er ekki og nær eingöngu er um verðbótalán að ræða er ákvæðið í 30. gr. E-lið, la og b, ekki lengur sú ívilnun fyrir skattgreiðendur sem löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna. Þess vegna verður að telja að hér sé um eðlilega lagfæringu að ræða sem sé raunhæf og í samræmi við tilgang löggjafans.

Benda má á að gengistap af gengistryggðum spariskírteinum er frádráttarbært við skattlagningu, og telur flutningsmaður að um hliðstæðu sé að ræða við efnisatriði framvarps þessa.